

Áfallaáætlun leikskólans Rofaborgar

Í leikskólanum er starfandi áfallaráð sem vinnur áætlun svo leikskólinn geti brugðist fúmlaust og faglega við ef áföll verða. Hlutverk ráðsins er að skipuleggja viðbrögð við áföllum eftir því sem við á hverju sinni og koma upplýsingum til þeirra er málið varðar. Í áfallaráðinu sitja leikskólastjóri, aðst.leikskólastjóri og þrír starfsmenn. Ekkert tilvik er alveg eins og því þurfa viðbrögð að vera sniðin að hverju atviki fyrir sig og áætlunin að taka mið að því. Áfallaáætlun verður til ef þessi áföll verða;

- **Dauðsfall barns eða alvarlegt slys barns – foreldris – systkins - starfsmanna**
- **Langvarandi og alvarleg veikindi**
- **Alvarlegar félagslegar aðstæður hjá barni**
- **Hamfarir**
- **Ofbeldi gagnvart börnum eða starfsmönnum í leikskólanum**

Viðbrögð við dauðsfalli eða alvarlegu slysi utan leikskólans - fyrstu viðbrögð

- Aflað upplýsinga um það sem gerðist
- Kalla saman starfsfólk og upplýsa um atburðinn
- Tilkynning til foreldra eða foreldrafundur, viðkomandi deild eða allur skólinn – meta þörf hverju sinni
- Hlúa að börnum leikskólans í samráði við foreldra, eftir því sem við á hverju sinni
- Fengin er aðstoð utanaðkomandi fagaðila til að veita fólki áfallahjálp

Viðbrögð starfsmanna gagnvart foreldrum/starfsfólki í sorg:

- Mæta fólki með hlustun, skilningi og af umhyggju
- Hafa í huga óskir fjölskyldna þeirra sem í hlut eiga
- Þekkja sín takmörk og vera varkár hvernig er talað
- Áframhaldandi stuðningur frá fagaðilum

Viðbrögð ef barn verður fyrir slysi í leikskólanum

- Tveir starfsmenn hlúa að þeim slasaða og einn starfsmaður hringir í 112
- Haft er strax samband við foreldra
- Aðrir starfsmenn hlúa að hinum börnunum og fara með þau af vettvangi.
- Einn starfsmaður verður tilbúinn að taka á móti sjúkrabíl og vísa aðilum á réttan stað
- Haft er samband við leikskólastjóra ef hann er ekki á staðnum
- Ef fjölmiðlar hafa samband er alltaf vísað á leikskólastjóra
- Foreldrar annarra barna eru upplýst um hvað gerðist og börnum veitt áfallahjálp
- Fengin aðstoð frá þjónustumiðstöð eða öðrum fagaðilum ef þurfa þykir

Viðbrögð við hamförum

- Fyrst og fremst að tryggja öryggi barnanna og halda ró
- Ef einhver hefur slasast hringja á sjúkrabíl
- Ræða við börnin á rólegan hátt á meðan yfirmenn meta næstu skref
- Hafa samband við foreldra – mikilvægt að símaskrá sé rétt

Viðbrögð ef börn eða starfsmenn verða fyrir ofbeldi utanaðkomandi aðila í leikskólanum

- Hafa samband við lögreglu, hringja í 112
- Tryggja öryggi barnanna
- Ekki taka óþarfa áhættu